




Sjúkrahúspósturinn

Fréttabréf SAK

APRÍL 2026
7.TBL



Hollvinir gefa lyflækningadeild fjármuni til minningar um Sólveigu Huldu Valgeirsdóttur

Hollvinir heimsóttu lyflækningadeild í dag og afhentu starfsfólki blómvönd og samúðarkveðju vegna fráfalls Sólveigar Huldu Valgeirsdóttur, fyrrum deildarstjóra lyflækningadeildar.



Mynd: Rebekka Héðinsdóttir, deildarstj. Lyflækningadeildar, Bjarni Jónsson, Hermann Haraldsson og Jóhannes G. Bjarnason, fulltrúar Hollvina og Heiða Berglind Magnúsdóttir aðstoðardeildarstj. Lyflækningadeild

Hollvinir ætla auk þess að gefa lyflækningadeild þá fjármuni sem starfsfólk deildarinnar safnaði í nafni Sólveigar, auk þeirra fjármuna sem fengust vegna sölu minningarkorta. Þar að auki ætla Hollvinir að afhenda deildinni 1.m.kr.

„Við erum Hollvinum ákaflega þakklát fyrir þessa gjöf og fyrir þann hlýhug sem Hollvinir og samfélagið allt hefur sýnt okkur á þessum erfiðu tímum.“ Segir Rebekka Héðinsdóttir, deildarstjóri lyflækningadeildar.

„Fráfall Sólveigar er sannarlega reiðarslag fyrir fjölskyldu hennar, vini, samstarfsfélaga og okkar litla samfélag. Af veikum mætti vildum við í Hollvinum leggja okkar af mörkum til stuðnings við lyflækningadeild, sem sannarlega þarf að standa vörð um,“ segir Jóhannes G. Bjarnason, formaður Hollvina.

Samstarfssamningur um krabbameinsþjónustu



Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítalinn hafa gert með sér samstarfssamning vegna krabbameinslækninga á SAK.

Fjögurra manna teymi lækna Landspítala mun sinna krabbameinslækningum á SAK og skiptast lækarnir á þriggja daga viðveru á Akureyri. Teymið samanstendur af tveimur læknum sem starfað hafa á SAK um nokkurra ára skeið, þeim Signýju Völu Sveinsdóttur blóðlækni og Örvari Gunnarssyni krabbameinslækni. Þá bætast við í teymið tveir nýir krabbameinslæknar, þær Þóra Rún Úlfarsdóttir og Ólöf Kristjana Bjarnadóttir.

„Við erum mjög ánægð með að hafa gengið frá þessum samningi og tryggt áframhaldandi þjónustu krabbameins- og blóðlækna. Við hlökkum til samstarfsins og að sjá þjónustuna eflast og þróast enn frekar,“ segir Guðni Arnar Guðnason, starfandi forstöðulæknir lyflækninga.

Aukin þjónusta við sjúklinga með ristilsjúkdóma



Kristín Jónsdóttir
Kviðarholsskurðlæknir

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur á síðustu misserum verið byggð upp aukin sérhæfð þjónusta í aðgerðum á ristli. Tveir skurðlæknar við sjúkrahúsið, sem hafa sérþekkingu á neðri meltingarvegi, hafa leitt þá uppbyggingu samhliða almennum skurðlækningum sínum.

„Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt, en nú er meðal annars farið að framkvæma valaðgerðir á ristli með kviðsjá, sem hefur talsverða kosti fyrir sjúklinga. Slíkar aðgerðir leiða oft til hraðari bata, minni verkja og styttri legutíma samanborið við opnar aðgerðir,“ segir Kristín Jónsdóttir, kviðarholsskurðlæknir.

Þessi þróun þýðir að sjúklingar á Norðurlandi geta í auknum mæli fengið meðferð nær heimabyggð, í stað þess að þurfa að leita til Reykjavíkur með tilheyrandi raski fyrir þá og aðstandendur þeirra. „Það hefur verið mikil ánægja meðal sjúklinga að geta farið í aðgerð hér norðan heiða,“ segir Kristín.

Margir þeirra sjúklinga sem fara í slíkar aðgerðir eru með krabbamein í ristli en einnig eru aðrar ástæður fyrir meðferðinni. Kristín segir að árangur hafi verið góður en frá áramótum hafa verið framkvæmdar fimm kviðsjáraðgerðir þar sem hluti ristils var fjarlægður, þar af tvær í síðustu viku.

„Það er mikilvægt að auka vitund meðal heilbrigðisstarfsfólks um þessa þjónustu, þar sem nú er mögulegt að vísa sjúklingum beint til Sjúkrahússins á Akureyri í stað þess að senda þá til Reykjavíkur,“ segir Kristín enn fremur.

Útboð vegna nýbyggingar stór áfangi



Erla Björnsdóttir, settur forstjóri SAK



Gunnar Líndal, verkefnastjóri



Nýr Landspítali ohf. hefur óskað eftir tilboðum í verk vegna fyrsta áfanga verkframkvæmda við nýbyggingu SAK, en skilafrestur tilboða er til 29. apríl nk. „Það er gríðarlega stór áfangi að búið sé að auglýsa eftir tilboðum í útboðsverk þessa fyrsta áfanga nýbyggingar við SAK. Þetta er langþráð verkefni og ákaflega verðmætt fyrir okkur að sjá fram á að framkvæmdir séu að fara í gang,“ segir Erla Björnsdóttir, settur forstjóri SAK.

Nýbyggingin mun rísa til suðurs við núverandi húsnæði, þar sem nú eru bílastæði. Við stækkunina þarf því að gera ný bílastæði og endurnýja veitukerfi á lóð sjúkrahússins. Stærstu verkliðir þessa fyrsta áfanga eru gröftur á um 50.000 m³ af jarðefni og malbikun á um 7.400 m². Bílastæði við SAK hafa oft og tíðum verið þéttsetin, Gunnar Líndal, verkefnastjóri á sviði rekstrar og klínískrar stoðþjónustu, segir að á framkvæmdatíma þurfi ekki að hafa áhyggjur af bílastæðamálum “ Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að byrjað sé að fullgera um 200 ný bílastæði á vesturhluta lóðarinnar. Þegar framkvæmdum þar er lokið færast framkvæmdir yfir Búðatröð og jarðvegsframkvæmdir við grunn nýbyggingarinnar hefjast. Þegar framkvæmdir við grunn nýbyggingar hefjast missum við um 150 bílastæði sunnan megin en gert er svo ráð fyrir í framhaldinu að bílastæðum fjölgi á vesturhluta lóðarinnar og fyrir norðan B-inngang.” segir Gunnar Líndal.

Gert er ráð fyrir því að fyrsta skóflustunga vegna nýbyggingarinnar verði tekin í maímánuði „Við erum sannarlega spennt fyrir fyrstu skóflustungunni, við munum brosa alveg sérstaklega breitt þann dag,“ segir Erla Björnsdóttir.

Námskeið í gjörgæsluhjúkrun haldið í fyrsta sinn á SAK



Dagana 26.–27. mars fór fram tveggja daga námskeið í grunnatriðum gjörgæsluhjúkrunar, Basic for nurses, á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK). Um er að ræða alþjóðlegt námskeið sem er hluti af svokallaðri Basic-línu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og hefur verið kennt víða um heim.

Námskeiðið hefur verið fastur liður í aðlögun hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild Landspítala síðastliðin tíu ár, en þetta er í fyrsta sinn sem það er haldið á SAK.

Tveir sérfræðingar í gjörgæsluhjúkrun, þau Guðrún Jónsdóttir og Þorsteinn Jónsson, komu frá Landspítala til að kenna námskeiðið. Helga Dögg Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild SAK, hafði umsjón með skipulagningu þess og tók jafnframt þátt í kennslu.

„Það er virkilega jákvætt að geta staðið fyrir námskeiði sem þessu á SAK,“ segir Helga Dögg. „Stöðluð kennsla sem þessi er mikilvægur liður í því að styðja við og efla þá sérhæfðu hjúkrun sem á sér stað á gjörgæsludeild.“

Alls sóttu tíu hjúkrunarfræðingar sem nýlega hafa hafið störf á gjörgæsludeild SAK námskeiðið, auk eins hjúkrunarfræðings frá gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut. Kennslan var bæði bókleg og verkleg og lauk námskeiðinu með prófi.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir þátttakendur í lok námskeiðsins þótti það bæði gagnlegt og skemmtilegt.

„Með tilkomu námskeiðsins á SAK skapast ný tækifæri til að efla faglega þekkingu og styðja við markvissa aðlögun nýrra hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild, sem er lykilþáttur í að tryggja öryggi og gæði þjónustunnar,“ segir Helga Dögg enn fremur.

Ný þjónusta á rannsóknastofu í lífeðlisfræði

Vilji Ragnarsson, líftækniþræðingur, er kominn er til starfa á SAK og mun þjónusta þá sem þurfa að nota kæfisvefnsvél. Hans helsta hlutverk er að sjá um innstillingar á nýjum kæfisvefnsvélum, grímumátun og annað eftirlit. Hann mun starfa í nánu samstarfi við Svefnrannsóknardeild LSH.

Undanfarin ár hafa starfsmenn Rannsóknastofu í lífeðlisfræði séð um framkvæmd og úrlestur kæfisvefnrannsókna fyrir sjúklinga á upptökusvæði SAK og hefur orðið mikil aukning á fjölda rannsókna auk þess sem fjölmargir hafa í framhaldinu þurft á meðferð með kæfisvefnsvél að halda. Hingað til hefur Landspítalinn séð um að þjónusta þá sem eru á kæfisvefnsméðferð þó svo starfsmenn lífeðlisfræðideildar hafi verið þeim innan handar í bráðatilfellum. Núna hefur þessi þjónusta flust á lífeðlisfræðideild með nýjum starfsmanni, Vilja Ragnarssyni, líftækniþræðingi, sem kominn er til starfa og mun þjónusta þá sem þurfa að nota kæfisvefnsvél. Hans helsta hlutverk er að sjá um innstillingar á nýjum kæfisvefnsvélum, grímumátun og annað eftirlit. Hann mun starfa í nánu samstarfi við Svefnrannsóknardeild LSH.

Kæfisvefn er alvarlegur sjúkdómur sem einkennist af tíðum öndunartruflunum eða öndunarstoppum í svefni. Þessum öndunarbreytingum getur fylgt fall í súrefnismettun sem eykur álag á hjarta og æðakerfið auk þess að trufla svefngæði einstaklingsins. Sýnt hefur verið að einstaklingar með ómeðhöndlaðan kæfisvefn eru í aukinni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, háum blóðþrýsting, heilablóðfalli, sykursýki og þunglyndi. Ljóst er að mikilvægt er að meðhöndla kæfisvefn þar sem hann er að valda óaskilegum heilsufarslegum truflunum.



Vilji Ragnarsson, líftækniþræðingur

Mikill fjöldi einstaklinga á upptökusvæði SAK notar kæfisvefnsvélar auk þess sem margir bíða eftir að komast á meðferð. Ljóst er að þessi nýja þjónusta kemur til með að bæta þjónustu við íbúa á svæðinu heilmikið.

Vilji er í 40% stöðu á lífeðlisfræðideild með viðveru á mánudögum á föstudögum. Þessi staða er kostuð af Svefnrannsóknadeild Landspítala og mun hann starfa í mjög nánu samstarfi við starfsmenn þar. Við bjóðum Vilja velkominn til starfa.

Ný rannsókn sýnir mun á notkun myndgreiningar hjá unglingum í áverkateymum fullorðinna og barna

Bergþór Steinn Jónsson bráðalæknir og barnabráðalæknir á SAK birti nýlega grein ásamt meðhöfundum frá Mayo Clinic og Children's Minnesota í vísindaritinu Pediatric Emergency Care. Rannsóknin bendir til þess að læknar í áverkateymum fyrir fullorðna noti tölvusneiðmyndir mun oftari en barnateymi þegar þeir sinna unglingum með áverka, þrátt fyrir sambærilegan alvarleika áverkanna.

Rannsóknin skoðaði gögn frá stóru sjúkrahúsi í Bandaríkjunum sem sinnir greiningu og meðferð slasaðra fullorðinna og barna. Gögn frá árunum 2015 til 2019 voru skoðuð, þar sem bornir voru saman sjúklingar á aldrinum 12–14 ára sem fengu meðferð hjá barnateymi og 15–17 ára sjúklingar hjá teymi fullorðinna.

Niðurstöður sýndu að tölvusneiðmyndir af öllum líkamanum (höfuð, háls, brjósthol og kviðarhol) voru framkvæmdar í 64% tilfella hjá teymi fullorðinna þegar sjúklingar komu beint af vettvangi slyss, en aðeins í 12% tilfella hjá barnateyminu. Einnig voru sneiðmyndir af einstökum líkamssvæðum oftari framkvæmdar hjá teymi fullorðinna. Enginn marktækur munur fannst hins vegar á alvarleika áverkanna eða legutíma sjúklinganna. Fjöldi áverka þar sem töf varð á greiningu var svipaður og ekki fundust nein tilfelli áverka sem fóru ógreindir vegna þess að tölvusneiðmynd hafi ekki verið framkvæmd.



Bergþór Steinn Jónsson, bráðalæknir

Rannsakendur benda á að óþarfa myndgreining geti aukið geislunaráhættu, sérstaklega hjá börnum og unglingum, auk þess að auka kostnað og álag á heilbrigðiskerfið. Á sama tíma geti of lítil notkun rannsókna leitt til þess að alvarlegir áverkar greinist seint.

Niðurstöðurnar benda því til að mismunandi nálgun í meðferð unglunga eftir því hvort þeir lenda hjá áverkateymi barna eða fullorðinna geti haft áhrif á hversu mikið er notast við myndgreiningu, án þess að það virðist hafa áhrif á klínískar útkomur sjúklinga.

“Þessar niðurstöður sýna okkur að meira er ekki alltaf betra þegar kemur að notkun myndgreiningar sem felur í sér geislun hjá börnum og ungu fólki. Uppvinnsla ætti að ráðast af ástandi hvers sjúklingsins og þannig mætti í mörgum tilvikum koma í veg fyrir óþarfa rannsóknir án þess að það bitni á öryggi sjúklinganna,” segir Bergþór Steinn Jónsson bráðalæknir og barnabráðalæknir á SAK.

Rannsóknina má lesa hér: [Comparison of Diagnostic Imaging Patterns Between Pediatric and Adult Trained Physicians in Adolescent Trauma Activations](#)

Nýtt fagráð um líknarþjónustu

Nýtt fagráð um líknarþjónustu hefur verið skipað til þriggja ára í samstarfi Sjúkrahússins á Akureyri (SAK), Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og Heilsuverndar (HV). Markmið ráðsins er að efla samvinnu heilbrigðisstofnana og styrkja líknarþjónustu á Norðurlandi.

„Með skipun fagráðsins er stigið mikilvægt skref í að efla samræmda og heildstæða líknarþjónustu á Norðurlandi, þar sem áhersla er lögð á samstarf, þekkingarmiðlun og bættu þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.“

Dóra Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Líknarmiðstöðvar SAK og formaður fagráðsins

Aðgerðaráætlun heilbrigðisráðuneytisins

Skipun fagráðsins er liður í innleiðingu fimm ára aðgerðaáætlunar heilbrigðisráðuneytisins frá 2021 þar sem lögð er áhersla á að líknarmiðstöðvar styðji við þróun og miðlun þekkingar í líknar meðferð, bæði í heimahjúkrun og á hjúkrunarheimilum, og að byggt verði upp öflugt tengiliðanet milli heilbrigðisstofnana. Líknarmiðstöð var formlega stofnuð á Sjúkrahúsinu á Akureyri í ársbyrjun 2023 og hefur það hlutverk að efla samvinnu fagstétta í sérhæfðri líknar meðferð, styrkja teymisvinnu og þróa þjónustuna í samræmi við þarfir sjúklinga og aðstandenda.

Hlutverk fagráðsins

Fagráðið mun vinna að því að:

- samhæfa og efla líknar meðferð á Norðurlandi með auknu samstarfi heilbrigðisstofnana
- stuðla að þróun líknar meðferðar og nýtingu gagnreyndrar þekkingar
- efla almenna líknarþjónustu við fjölbreytta sjúklingahópa og bæta aðgengi að sérhæfðri líknarþjónustu
- styrkja ráðgjafarþjónustu í sérhæfðri líknar meðferð, meðal annars með eflingu líknarráðgjafateymis SAK
- auka fræðslu og þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á líknar meðferð
- efla þekkingu almennings á líknarþjónustu
- styrkja samstarf við háskólasamfélagið

Skipan fagráðsins

- Dóra Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Líknarmiðstöðvar SAK og formaður fagráðs
- Valgerður Þorsteinsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga SAK
- Sólveig Pétursdóttir, yfirlæknir endurhæfingarlækninga SAK
- Arna Rún Óskarsdóttir, öldrunarlæknir HSN
- Hilda Hólm, gæðastjóri HSN
- Bryndís Björg Þórhallsdóttir, forstöðumaður hjúkrunar hjá Heilsuvernd
- Silja Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsuvernd

Sjúkraliðanemar í HA fá þjálfun blóðtöku á SAK

Nemendur Háskólans á Akureyri sem eru í fagnámi fyrir starfandi sjúkraliða hafa undanfarin tvö ár fengið þjálfun í að taka blóð á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Nemendurnir eru ýmist í fagnámi með áherslu á öldrunar- og heimahjúkrun og hins vegar í samfélagsgeðhjúkrun. Háskólinn á Akureyri er fyrsti háskóli landsins sem býður upp á fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða. Um er að ræða tveggja ára sveigjanlegt nám, sem skipulagt er með þeim hætti að nemendur geti sinnt starfi samhliða náminu. Fulltrúar SAK sjá um fræðslu og sýnikennslu í Háskólanum á Akureyri auk þess sem nemendur mæta á sjúkrahúsið, fylgjast með og læra – og taka blóðprufur hjá þeim einstaklingum sem samþykkja það.

„Það er gefandi og skemmtilegt að vera í samstarfi við nemendur HA bæði sjúkraliðanema sem og hjúkrunarfræðinema sem einnig koma til okkar í kennslu í blóðtöku.“ segir Guðný Björg Jensdóttir, sjúkraliði á rannsóknardeild SAK.



Hlaut styrk til að rannsaka fylgjuþurrð

Jóhanna Gunnarsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs fæðinga- og kvensjúkdómalækninga Landspítala og Háskóla Íslands, hefur hlotið verkefnastyrk frá Rannís til umfangsmikillar rannsóknar á vanstarfsemi fylgju, svokallaðri fylgjuþurrð, og áhrifum þess á fæðingu barns. Verkefnið ber heitið „Innsýn í fylgjuþurrð með fylgjuvefjaskoðun til að bæta forspá um meðgöngueitrun og andvana fæðingar.“ Í rannsóknarhópnum er Alexander Smárason, yfirlæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga á SAK og prófessor við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri og SAK.



Um rannsóknina

Markmið rannsóknarinnar er að bæta forspár um snemmkomna fylgjuþurrð, sem birtist oft sem meðgöngueitrun, og bæta greiningu síðkominnar fylgjuþurrðar sem getur valdið fósturdauda fyrirvaralaust án einkenna. Ólíkt öðrum rannsóknum verður stuðst við fylgjuvefjaskoðun til að skilja betur ástæður fylgjuþurrðar. Rýnt verður í tvær vefjameinafræðilegar tegundir fylgjuþurrðar, blóðflæðistruflun og bólgu í fylgjutotum. Rannsóknarhópurinn hyggst auka skilning á fylgjuþurrð og afleiðingum hennar með því að tengja vefjaskemmdirnar við einkenni og lífmerki. Nokkur lífmerki eru talin endurspeglar flæðistruflun í fylgjuni snemma í þungun og hafa þokkalegt forspárgildi fyrir snemmkominni meðgöngueitrun. Ný lífmerki eru nauðsynleg til að bæta forspárgildi skimunar og þetta rannsóknarþýði mun gera rannsakendum kleift að leita að sértækum lífmerkjum fyrir flæðistruflun í fylgju. Lífmerki sem gæfu til kynna bólgusvörun seint í meðgöngu gætu greint hvaða börn eiga á hættu á að deyja skömmu fyrir fæðingu vegna síðkominnar fylgjuþurrðar og þannig gert kleift að afstýra dauðsföllum með framköllun fæðinga í tæka tíð. Samþætting klínískra, lífefnafræðilegra og vefjafræðilegra gagna verður dýrmætur grunnur að framtíðar rannsóknum og mun stuðla að bættri forspá og forvörnum gegn alvarlegum afleiðingum fylgjuþurrðar.

Rannsóknarhópurinn

Auk Jóhönnu og Alexanders eru í hópnum:

- Þóra Steffensen, sérfræðingur í fylgjuemeinafræði á Landspítala og Tampa General Hospital í Bandaríkjunum
- Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir erfða- og sameindalækisfræðideildar Landspítala og prófessor við HÍ
- Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir fæðingateymis Landspítala og lektor við læknaeild HÍ
- Ragnheiður I. Bjarnadóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir á Landspítala
- Brynhildur Tinna Birgisdóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir á Landspítala og rannsakandi við Karolinska Institutet

Alþjóðlegt samstarf

Verkefnið verður unnið í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu, Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Karolinska Institutet í Stokkhólmi og Rikshospitalet í Kaupmannahöfn.

Vitundarvakning varðandi skráningu nánasta aðstandanda



*Kristína Björk Arnórsdóttir,
persónuverndarfulltrúi*

Í apríl fer af stað vitundarvakning varðandi skráningu nánasta aðstandanda í sjúkraskrá sjúklinga. Markmiðið með verkefninu er að vekja athygli sjúklinga á skráningu nánasta aðstandanda í sjúkraskrá og hvetja þá til að uppfæra skráninguna eftir þörfum.

Upplýsingar úr sjúkraskrá eru heilsufarsupplýsingar sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga og gilda um þær strangar reglur bæði út frá lögum um sjúkraskrár og persónuverndarlögum. Skiptir því lykilmáli að gæta að öruggi upplýsinganna og tryggja að upplýsingar sem þar er að finna séu tryggðar með viðeigandi hætti og þess gætt að upplýsingarnar verði ekki óviðkomandi aðilum aðgengilegar.

Sjúkraskrárkerfið býður upp á nokkra möguleika á skráningum aðstandanda og getur sjúklingur valið hvernig og hvort hans aðstandendur eru skráðir. Mikilvægt er að heilbrigðisstarfsmenn séu meðvitaðir um þessar mismunandi skráningar í sjúkraskrá og veiti aðeins upplýsingar um aðstandanda með leyfi sjúklings eða í samræmi við skráningu. Þetta getur til dæmis verið nánasti aðstandandi sem hafa skal samband við í neyðartilvikum, aðstandandi sem má fá upplýsingar.

Hver er skráður þinn nánasti aðstandandi í sjúkraskrá?

Vissir þú að...

- Nánasti aðstandandi er sá aðili sem hringt er í í neyðartilvikum?
- Þú getur veitt nánasta aðstandanda heimild til að fá heilsufarsupplýsingar um þig?
- Þú getur skráð nokkra aðstandendur sem hafa heimild til að fá heilsufarsupplýsingar um þig?
- Þú getur óskað eftir að aðstandandi megi ekki fá upplýsingar um þig?
- SAK er óheimilt að veita aðstandendum upplýsingar um sjúkling nema aðstandandi sé skráður fyrir því að hann megi fá upplýsingar um sjúkling eða sjúklingur hafi veitt samþykki sitt?
- Börn sem hafa náð 16 ára aldri eru sjálfstæðir þjónustunotendur innan heilbrigðiskerfisins. Því þarf að liggja fyrir samþykki þeirra fyrir því að nánasti aðstandandi megi fá upplýsingar um aðila sem hafa náð 16 ára aldri?

Þú getur fengið upplýsingar um hver er skráður þinn nánasti í móttöku SAK

Starfsmenn lífeðilsfræðideildar sóttu lungnaráðstefnu



Á myndinni eru: Jónína Þuríður Jóhannsdóttir, yfirlífeindafræðingur og Birna Björnsdóttir, líftækni-fræðingur ásamt Aðalbjörgu og Sigrúnu starfskonum á lungnarannsókn LSH.

Á nýliðnu ári tóku starfsmenn Lífeðilsfræðideildar SAK þátt í alþjóðlegri lungnaráðstefnu á vegum European respiratory Society sem haldin var í Amsterdam. Ráðstefnan er sú stærsta sinnar tegundar sem haldin er í Evrópu og er fjallað um allt það nýjasta í greiningum og meðhöndlun ýmissa lungnasjúkdóma.

Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var “Respiratory health around the globe” og meðal þess sem fjallað var um var: áhrif reykinga og notkunar rafsígarettar (veips) á lungnaheilsu unglunga, ofþyngd og lungnaheilsa, long Covid og konur og kæfisvefn.

Starfsmenn lífeðilsfræðideildar hlýddu á fjölbreytta og áhugaverða fyrirlestra auk þess að taka þátt í verklegum námskeiðum við framkvæmd og úrlestur lungnamælinga.

Starfsemi lífeðilsfræðideildar SAK er mjög fjölbreytt og undanfarna mánuði hefur samvinna deildarinnar við Landspítalann aukist mikið, bæði við lungnasérfræðinga og starfsmenn svefnrannsóknardeildar. Með tilkomu nýrra lungnarannsóknatækja hefur verið hægt að bjóða skjólstæðingum á upptökusvæði SAK að koma í rannsóknir á deildina og eru niðurstöður síðan sendar til sérfræðinga LSH sem getur oft fækkað ferðum til Reykjavíkur. Á deildinni eru í dag framkvæmdar þrjár mismundi tegundir lungnamælinga þ.e. fráblástursmælingar, loftskipti og FeNO mæling.

Á deildinni eru gerðar mikill fjöldi kæfisvefnrannsókna. Einnig hefur þjónusta við þá sem þurfa á kæfisvefnsvél að halda verið aukin til dæmis með innstillingum véla og eftirliti.

Styrkur til eflingar á vægi lyfjafræði utan höfuðborgarsvæðisins



Helga Kristinsdóttir, klínískur lyfjafræðingur LSH, Jóna Valdís Ólafsdóttir, deildarstjóri lyfjaþjónustu SAK, Karítas Anja Magnadóttir, aðstoðardeildarstjóri lyfjaþjónustu SAK, Íris Gunnarsdóttir, lyfjafræðingur SAK og Freyja Jónsdóttir, sérfræðingur í klínískri lyfjafræði og kennslustjóri HÍ/LSH.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið veitti styrk til samstarfsverkefnis Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Sjúkrahússins á Akureyri og Landspítala með það að markmiði að efla klíníska lyfjaþjónustu á Norðurlandi og um leið styrkja kennslu í lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinema á svæðinu.

Í haust sóttu tveir lyfjafræðingar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, þær Íris Gunnardóttir og Karítas Anja Magnadóttir, námskeið í hermileiðsögn á vegum Hermiseturs Íslands (HermÍS) í Reykjavík. Sem liður í að ljúka þjálfuninni fóru handleiðarar frá Landspítala og Háskóla Íslands, þær Freyja Jónsdóttir og Helga Kristinsdóttir, norður til Akureyrar til að styðja við þátttöku lyfjafræðinga í hermikennslu fyrir hjúkrnarfræðinga í framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri.

Verkefnið markar mikilvægt framfaraskref í undirbúningi Sjúkrahússins á Akureyri til að lyfjafræðingar taki aukinn þátt í þjálfun og kennslu heilbrigðisnema og starfsfólks.

Tímabundinn forgangur fyrir börn heilbrigðisstarfsfólks í leikskólum Akureyrarbæjar



Vegna vöntunar á sérhæfðu starfsfólki á Sjúkrahúsinu á Akureyri, hefur bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkt að veita læknum og hjúkrunarfræðingum við SAK tímabundinn forgang að skólavist í leikskólum bæjarins.

Framkvæmdastjórn SAK fagnar þessari ákvörðun „Við teljum þetta mikilvægan lið í að auðvelda okkur að laða að sérhæft starfsfólk. Við erum því ákaflega þakklát bæjarstjórn fyrir að hafa tekið þessa mikilvægu ákvörðun.“ Segir Erla Björnsdóttir, starfandi forstjóri SAK og bætir við „Við þurfum öll sem eitt að leggja okkar að mörkum til að tryggja stöðugleika í starfsemi sjúkrahússins. Ákaflega mikilvægt er að allir hlekkir þjónustukeðjunnar taki þátt í þeirri vinnu, í góðri samvinnu við Heilbrigðisráðuneytið. Við verðum sameiginlega að vinna að eflingu þjónustunnar og uppbyggingu mannauðs þannig að við séum í stakk búin til að sinna okkar hlutverki í þjónustu við íbúa, sem og okkar ábyrgð sem varasjúkrahús landsins alls.

Hér má sjá frétt um málið á vef Akureyrarbæjar: [Tímabundinn forgangur fyrir börn heilbrigðisstarfsfólks í leikskólum Akureyrarbæjar - Akureyri](#)

Hollvinir færa skurðlækningadeild göngugrindur



„Göngugrindurnar nýtast sjúklingum mjög vel og fjölmargir sem þurfa skiljanlega að nota þær eftir aðgerð. Þannig að gjöfin gagnast svo sannarlega vel og erum við Hollvinum þakklát fyrir þeirra stuðning.“ Segir Bryndís María Davíðsdóttir, deildarstjóri skurðlækningadeildar.

„Það er venju samkvæmt gleðilegt að geta fært deildum Sjúkrahússins á Akureyri búnað sem gagnast sjúklingum,“ segir Jóhannes G. Bjarnason, formaður stjórnar Hollvina.

Við þetta má bæta að á skurðlækningadeild hefur verið tekin í notkun ný dagstofa fyrir sjúklinga. „Það er ákaflega gott að geta boðið sjúklingum upp á rými til að setjast niður með aðstandendum eða nýta með þeim hætti sem hentar, þegar fólk vill vera utan sjúkrarýma,“ segir Bryndís María Davíðsdóttir, deildarstjóri skurðlækningadeildar.

Tveir nýir röntgenlæknar

Sérfræðingarnir Bjarki Ívarsson og Sigríður Margrét Möller hefja störf á myndgreiningadeild Sjúkrahúsins á Akureyri 1. apríl næstkomandi. Þar með er myndgreiningadeild fullmönnuð.



The card features two circular portraits on the left. The top portrait is of Sigríður Margrét Möller, a woman with long dark hair wearing a maroon top. The bottom portrait is of Bjarki Ívarsson, a man with a beard and short dark hair wearing a grey shirt. To the right of the portraits, the names and titles are listed in blue text. The SAK logo is in the top right and bottom right corners, and a grid of dots is in the top right and bottom left corners.

Sigríður Margrét Möller
Röntgenlæknir -
Myndgreiningardeild

Bjarki Ívarsson
Röntgenlæknir -
Myndgreiningardeild

SAK SJÚKRAHÚSÍÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Bjarki lauk sérnámi í myndgreiningu við háskólasjúkrahúsið í Árósum í Danmörku og hefur starfað bæði erlendis og hérlendis, meðal annars hjá Röntgen Domus. Sigríður Margrét lauk sérnámi í röntgenlækningum í Noregi og hefur starfað bæði þar og hérlendis, meðal annars hjá Röntgen Domus.

Þórdís Rósa Sigurðardóttir ráðin deildarstjóri göngudeildar lyflækninga

Þórdís Rósa Sigurðardóttir hefur verið ráðin nýr deildarstjóri göngudeildar lyflækninga. Þórdís útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri árið 2003. Hún er með framhaldsmenntum í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands frá árinu 2011 og lauk einkaþjálfaranámi frá IAK árið 2012.

Þórdís hóf ung störf í umönnun á dvalarheimilinu Skjaldarvík, árin 1983–1984. „Þar kviknaði áhugi minn á öldrunarhjúkrun og öldrunarmálum,“ segir Þórdís. Þórdís starfaði á Hlíð í fjögur ár bæði sem nemi og síðar hjúkrunarfræðingur og sinnti hún einnig stöðu fræðslustjóra samhliða hjúkruninni árin 2004–2005. Síðan hóf hún störf á Heilsugæslunni á Akureyri, fyrst sem teymisstjóri í heimahjúkrun og síðar deildarstjóri heimahjúkrunar árin 2005–2010. Þá starfaði hún við heilsuvernd skólabarna árin 2010–2014 og síðar sem settur hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar á Akureyri, þar til HSN var stofnuð það sama ár. Þá tók Þórdís við sem yfirhjúkrunarfræðingur svæðis á Akureyri og sinnti því starfi til ársins 2019. Að því loknu færði hún sig um set yfir til SAK og hefur þar sinnt ýmsum störfum s.s. sumarstarfi á gjörgæsludeild, verkefnastjórn heimahlyningar á almennu göngudeildinni, aðstoðardeildarstjóra á almennu göngudeildinni og síðar sem deildarstjóri göngudeildar lyflækninga árið 2025.

Þórdís hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum innan SAK og má þar helst nefna að festa í sessi starfsemi heimahlyningar innan SAK og að skilgreina hlutverk SAK á sviði líknarþjónustu og setja í kjölfarið á fót líknarmiðstöð.



„Það hefur verið afar skemmtilegt að taka þátt í uppbyggingu og innleiðingu á starfsemi heimahlyningar hér innan SAK og það hefur kennt mér afar mikið. Þar sem minn grunnur er úr heilsugæslu og lýðheilsa og forvarnir eru mér hugleikin þá finnst mér skemmtilegt að geta komið að þróun og eflingu göngudeildarstarfsemi á sjúkrahúsinu. Að taka þátt í áframhaldandi þróun á sérhæfingu hjúkrunarfræðinga og annarra á göngudeildinni ásamt því að efla teymisvinnu við aðrar fagstéttir sem sinna göngudeildarþjónustu er frábært tækifæri. Einnig er ég afar spennt og þakklát að fá að leiða tilraunaverkefni sem snýr að fjarheilbrigðisþjónustu en það er fjarvöktun á lungnamóttöku þar sem heilbrigðisstarfsfólk getur sinnt fjareftirliti einstaklinga með ýmsa langvinna sjúkdóma. Nýjar áherslur í þjónustu sem geta aukið gæði þjónustu og öryggi okkar skjólstaðinga er eitt af mikilvægustu verkefnum sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir og ég hlakka til að taka þátt í þeirri vegferð.“ Það sem gerir starfið einnig eftirsóknarvert er að vita hversu öflugt og frábært samstarfsfólkið mitt er og vilji SAK til að efla dag- og göngudeildarstarfsemi segir Þórdís Rósa Sigurðardóttir.


Kynning fyrir hjúkrunarfræðinema HA

Sjúkrahúsið á Akureyri tekur reglulega á móti háskólanemum og kynnir fyrir þeim starfsemi SAK og þau tækifæri sem geta boðist á sjúkrahúsinu. Fjórða árs nemar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri mættu í eina slíka kynningu í marsmánuði. Þær systur Guðný Rún og Sigurbjörg Lind Ellertsdóttir tóku á móti um 35 nemendum og sköpuðust skemmtilegar umræður um líf og starf á SAK.



Heimsókn lækna- og hjúkrunarfræðinema Háskóla Íslands

Hópur hjúkrunarfræði- og læknanema kom í vísindaferð á SAK í liðnum mánuði. Tekið var á móti hópnum við aðalinngang SAK, þar sem nemendum var skipt í hópa, en hóparnir heimsóttu hermisetrið, fóru í gönguferð um sjúkrahúsið og fengu kynningu á starfsemi sjúkrahússins. Að kynningu lokinni var farið á Glerártorg þar sem boðið var upp á veitingar og samræður. Ekki var annað að sjá en að mikil ánægja hafi verið með heimsóknina. Við þökkum nemendum kærlega fyrir ánægjulega heimsókn



Fræðsla fyrir starfsfólk SAK í apríl og maí

Apríl

- 17. apríl - Föstudagsfræðsla
- 20. apríl - Viðbragðssveitar námskeið
- 27. apríl - Viðbragðssveitar námskeið
- 29. apríl - Farsæld barna fræðsla
- 30. apríl - Þverfagleg hermikennsla

Maí

- 4. maí - Farsæld barna fræðsla
- 7. maí - BLS
- 7. maí - Þverfagleg hermikennsla
- 8. maí - Föstudagsfræðsla
- 12. maí - Dagur hjúkrunar
- 13. maí - Áhugahvetjandi samtal
- 20. maí - Fræðsla frá umhverfisráði
- 22. maí - Föstudagsfræðsla

Vekjum sérstaka athygli á þessum viðburðum



29. apríl og 4. maí
Farsæld barna
kl 14:30 -15:30



12.maí
Dagur hjúkrunar
kl 13:00 -15:30



13.maí
Áhugahvetjandi
samtal
13:00-15:00



20.maí
Fræðsla frá umhverfisráði
14:30-15:30

Heimsókn nema frá Menntaskólanum á Akureyri

Í mars komu um 50 nemendur frá Menntaskólanum á Akureyri og fengu kynningu á hluta af þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru á SAK. Sálfræðingar, læknir, geislafræðingur, hjúkrunarfræðingur, lyfjafræðingar, sjúkraþjálfari, lífeindafræðingur og ljósmóðir sögðu frá störfum sínum ásamt því að sagt var frá hermisetrunu og þau kynnt fyrir „leikurunum“ sem vinna þar.



Tökum vel á móti sumarstarfsfólki á SAK

Nú fer sumarfólk að koma til starfa hjá SAK og næstu vikur bætist fjöldi nýrra starfsmanna í hópinn og er mikilvægt að við tökum vel á móti nýju samstarfsfólki og styðjum það í fyrstu skrefunum í starfi.

Góð móttaka, skýrar upplýsingar, jákvætt viðhorf og faglegt samstarf leggja grunn að farsælu samstarfi og vellíðan í starfi. Hvet alla til að veita aðstoð og styðja við nýja starfsmenn þannig að þeir finni sig velkomna til starfa hjá okkur á SAK.

Allir nýir starfsmenn fá senda rafræna nýliðafræðslu frá mannauðsdeild og þurfa að ljúka öllum tilskildum þáttum nýliðafræðslunnar, ásamt því fá allir nýliðar sendan tölvupóst frá starfsmannaheilsuvernd vegna bóluasetninga, MÓSA og berkla.



Nokkur praktísk mál fyrir nýtt starfsfólk

- Mannauðsdeild SAK er staðsett á annarri hæð, á skrifstofugangi, og er opin virka daga frá kl. 8:00–16:00.
- Starfsmenn fá afhent aðgangskort sem er jafnframt notað til stimplunar í Vinnustund. Aðgangskortum er skilað við starfslok til mannauðsdeildar.
- Beiðni um nýtingu persónuafsláttar skal senda á netfangið laun@sak.is ásamt yfirliti sem sýnir stöðu persónuafsláttar á árinu. Beiðnin þarf að berast mannauðsdeild eigi síðar en 20. hvers mánaðar.
- Samningur vegna séreignasparnaðar þarf að berast á netfangið laun@sak.is eigi síðar en 20. hvers mánaðar.

Fyrirspurnir er varða laun og kjaramál er hægt að senda á netfangið laun@sak.is, fyrirspurnir sem varða önnur mannauðsmál á netfangið mannauðsdeild@sak.is og fyrirspurnir varðandi starfsmannaheilsuvernd á starfsmannahjukrun@sak.is.

Gjöf til endurhæfingarsundlaugar á Kristnesi

Rebekkustúka nr. 16 Laufey – Oddfellow færði nýverið sjúkraþjálfun á endurhæfingardeild Sjúkrahússins á Akureyri veglega gjöf þegar stúkan gaf flotbúnað til notkunar í sundlauginni á Kristnesi.



„Með gjöfinni hefur aðstaða til flotmeðferðar tekið stórstígum framförum, en sundlaugin býr nú yfir flotbúnaði fyrir allt að tíu einstaklinga í senn. Þetta skapar ný og fjölbreytt tækifæri í endurhæfingu, bæði fyrir einstaklingsmeðferðir og samflot, þar sem áhersla er lögð á djúpslökun, líkamsvitund og andlega vellíðan,“ segir Sólveig Bennýjar og Haraldsdóttir, aðstoðarmaður sjúkraþjálfara.

Hugmyndin að gjöfinni kviknaði þegar Ester Gestsdóttir dvaldi í endurhæfingu á Kristnesi í janúar 2026. Hún sá þá möguleika á að efla þessa meðferð, þar sem einungis eitt sett af flotbúnaði var til staðar. Í framhaldi lagði hún hugmyndina fyrir stúku sína sem brást afar vel við. Ragnheiður Sveinsdóttir og Ester komu sjálfar og afhentu búnaðinn við hátíðlega athöfn.


Jafnframt er vert að nefna að Sólveig Bennýjar og Haraldsdóttir, aðstoðarmaður sjúkraþjálfara og jógakennari við deildina, hefur lokið námi í flotleiðsögn hjá Flothettunni í Reykjavík. Sú þekking mun styðja enn frekar við faglega þróun flotmeðferðar á staðnum.

„Gjöfin mun nýtast fjölbreyttum hópi skjólstæðinga og styrkja bæði líkamlega og andlega endurhæfingu þeirra sem nýta sér þjónustu deildarinnar,“ segir Sólveig Bennýjar og Haraldsdóttir enn fremur.



Vel heppnuð starfamessa

Það var sannarlega líf og fjör á Starfamessu 2026 sem haldin var í Háskólanum á Akureyri í gær. Þar gafst nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla á svæðinu kostur á því að kynna sér störf mismunandi starfsstétta og þá færni eða menntun sem þarf til að vinna starfið. Það voru góðir fulltrúar SAK sem tóku á móti hressum nemendum. Að þessu sinni kynntu fulltrúar SAK ýmis fjölbreytt störf á sjúkrahúsinu: Við leyfum myndunum að tala sínu máli.





April 2026 TBL.07

Sjúkrahúspósturinn er gefinn út af Sjúkrahúsinu á Akureyri
Ritstjóri: Hilda Jana Gísladóttir, samskiptastjóri SAK
Netfang: hildajana@sak.is

Fylgstu með okkur:



[Heimasíða SAK](#)



[SAK á Facebook](#)



[SAK á Instagram](#)